

Sp.

37. Tillaga til þingsályktunar

[36. mál]

um fiskeldi í sjó.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson,
Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita Fiskifélagi Íslands nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning til þess að:

1. Hafa sérmenntaða menn á sviði fiskeldis í þjónustu sinni.
2. Láta fara fram tilraunir með eldi fisks í sjó á þeim stöðum við landið, sem vænlegt er talið.
3. Kynna sér sams konar starfsemi erlendis og hagnýta þá þekkingu við íslenskar aðstæður.

Greinargerð.

Tillaga svipaðs eðlis var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Eftirfarandi greinargerð er að nokkru sniðin eftir þeirri, sem fylgdi frv. í fyrra.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt og ritað um fiskrækt í fjörðum og sjávarlónum sem nýja og upprennandi atvinnugrein. Þá hafa verið lagðar fram á Alþingi þingsályktunartillögur um þessi mál og aðallega rætt um lokun fjarða og sjávarlóna, þar sem fiskrækt skyldi síðan hafin í stórum stíl. Þessi almenni áhugi á fiskrækt í sjó varð til þess, að fiskimálastjóri þáði boð bresku fiskimálastofnunarinnar um að skoða fiskeldisstöðvar stofnunarinnar í Ardtoe á vesturströnd Skotlands og í Hunterston við Clydefjörð. Breska fiskimálastofnunin hefur um árabil starfað að tilraunum og rannsóknum á þessu sviði.

Í beinu framhaldi af þessu fékk Fiskifélag Íslands Gordon Eddie, tæknilegan forstjóra bresku fiskimálastofnunarinnar, til að flytja erindi hér á landi um þessi mál (sjá sérprentun Ægis, 22. tbl. 1970). Hin breska stofnun lofaði aðstoð við Íslendinga í þessum málum og bauðst meðal annars til að taka á móti Íslendingum til fræðslu. Þar sem stjórn Fiskifélagsins hafði fyrir sitt leyti ákveðið að beita sér fyrir tilraunum hér á landi með klak og eldi sjávarfiska og sótt um styrk til Alþingis í því skyni, var ákveðið að þiggja þetta boð. Ingimar Jóhannsson vatnalíf-fræðingur kynnti sér starfsemi bresku stofnunarinnar og dvaldist þar um tveggja mánaða skeið. Fullyrða má, að árangur af tilraunastarfsemi Breta er mjög athyglisverður og full ástæða til að fylgjast með framförum á þessu sviði, enda ýmsar þjóðir þegar farnar að hagnýta sér árangur af tilraunum þeirra.

Enn sem komið er eru þessar tilraunir þó ekki komnar á það stig, að eldi þessara fisktegunda, þ. e. a. s. kola og sandhverfu, sé fjárhagslega arðbært, en allt stefnir þó í rétta átt.

Þá hefur Ingimar dvalist á Norðurlöndum um nokkurra mánaða skeið á vegum Fiskifélagsins og kynnt sér fiskrækt í söltu vatni.

Það er því full ástæða til, að hafist verði handa í þessum efnum hérlendis, þar sem eldi ýmissa fisktegunda í sjó gæti ef til vill orðið arðbær atvinnuvegur á Íslandi.

Það, sem fyrst og fremst liggur fyrir að gera í þessum efnum, er:

- a) Að kynna sér rækilega tilraunir og árangur annarra þjóða í þessum efnum, sem lagt hafa rækt við þennan nýja atvinnuveg.
- b) Að kanna og kortleggja heppilega staði umhverfis landið fyrir fiskeldi í sjó. Gerðar verði ýmsar frumathuganir, svo sem hita- og seltumælingar, sem ná yfir langt tímabil, og aðrar athuganir, sem að gagni mættu koma.
- c) Að unnt verði að halda uppi leiðbeininga- og upplýsingamiðlun.

Fyrir því er tillaga þessi flutt.